

## FUNDARGERÐ

### SKJALALYKILL

3350-003-FUN-127-V01

### DAGS. / TÍMI FUNDAR

27.10.2022 / 10:00 – 12:00

### NR. FUNDAR

127

### VERKHEITI

**127. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir (START)**

### VERKKAUPI

START hópurinn

### FUNDAREFNI

1. Staða skráningar
2. Gæðastuðlar. Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 2012-2021
3. Kostnaður vegna skorts 2022-2025.
  - a) Skýrsla kynnt
4. Áætlun ársins 2023.
5. Önnur mál

### FUNDARGERÐ

IJB / 24.11.2022

### FUNDARBOÐARI

IJB

### FUNDARSTAÐUR

EFLA/Teams

### FUNDARMENN

Ragnar Stefánsson (RS)

Benedikt Einarsson (BE)

Egill Sigmundsson (ES)

Baldur Hólm (BH)

Gísli Þór Ólafsson (GÞÓ)

Ragnar Emilsson (RE)

Ingvar Júlíus Baldursson (IJB)

Kolbrún Reinholdsdóttir (KR)

Guðmundur Sigfinnsson (GS)

Kjartan Sigurjónsson (KS)

Arnbjörg Arnardóttir (AA)

Fjarfundur

Fjarfundur

Fjarfundur

### FYRIRTÆKI

Landsnet

Veitur

HS-Veitur

Norðurorka

RARIK

Orkubú Vestfjarða

EFLA

EFLA

EFLA

Landsnet

Landsnet

### FJARVERANDI

Rán Jónsdóttir (RJ)

### FYRIRTÆKI

Orkustofnun

### DREIFING

START hópurinn

### FYRIRTÆKI

### FUNDARSKJÖL

3350-003-04-SKY-011-V01-Kostnaður vegna skorts fyrir árið 2021 - DRÖG.docx

3350-003-VEA-005-V01 Verkefnishandbók\_START\_23\_drög.doc

### NÆSTI FUNDUR

24.05.2023 / 10:00

Fundur START hópsins var haldinn hjá EFLU og sem fjarfundur í Teams. Kjartan og Arnbjörg kom inn á fundinn í lok dagskráliðar nr. 4.

### 1. Staða skráningar

Farið var yfir stöðu skráningar truflanaskýrslna hjá veitunum.

OV: Minna af truflunum í ár miðað við önnur ár.

Veitur: Margar truflanir. Tveir nýir starfsmenn í skráningu truflana.

LN: Margar truflanir í ár, slæmt veður í byrjun ársins. Hafa stækkað hóp sem sér um skráningar.

RARIK: Fleiri truflanir í ár. Nýtt fólk mun sjá um skráningar á næsta ári.

Norðurorka: Reyna ljúka við skráningar í lok hvers mánaðar.

HS Veitur: Er í hefðbundnu ferli.

### 2. Gæðastuðlar. Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 2012-2021

KR fór yfir stöðuna á skýrslunni. Eftir er að ganga frá útreikningum lokadrögum að skýrslu.

Ástæða tafa á skýrslunni er að nauðsynlegar upplýsingar frá veitufyrirtækjum bárust seint.

### 3. Kostnaður vegna skorts

GS fór yfir skýrsluna „Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2022, 2023, 2024 og 2025“. Stuðst er við ný kostnaðarföll út frá könnunum á meðal heimila, fyrirtækja í stóriðju og fyrirtækja/stofnana utan stóriðju við gerð skýrslunnar þar sem kostnaður hvernar einstaka fyrirvaralausrar raforkuskerðingar er metinn út frá tímasetningu, lengd og staðsetningu truflunar. Einnig var kostnaður reiknaður með eldri aðferðafræði, sem metur árlegan kostnað hærri en nýja aðferðin.

RS spyr í hvaða notkunarhóp er mesta breyting frá fyrra kostnaðarmati. GS, breyting er aðallega í endurskoðuðu kostnaðarmati fyrir opinbera þjónustu og verslun og þjónustu. Með núverandi aðferðafræði er hægt að meta betur kostnað fyrir hverja truflun.

BE spyr hvort svör frá fyrirtækjum hafði komið á óvart. GS nefnir að svörin séu metin trúverðug. Fyrir opinbera þjónustu er meiri munur hvort truflun er að degi til eða að nóttu en í öðrum notkunarhópum.

ES benti á að ef nýta ætti tölur fyrir Suðurland væri munur hvort atvikið ætti sér stað á Hellu eða í Vestmannaeyjum. Og hvort dreifveita gæti skilað inn upplýsingum fyrir viðkomandi aðveitustöð.

Samþykkt að reikna kostnað vegna skort með báðum aðferðum í næstu skýrslu, það er kostnaðartölur fyrir árið 2022.

### 4. Áætlun ársins 2023

IJB fór yfir verkefnastöðu ársins og verkefnisáætlun næsta árs. Gefinn er frestur til 11. nóvember að koma með athugasemdir við verkefnahandbókina, ef engar athugasemdir berast telst hún samþykkt.

## 5. Önnur mál

- a) IJB fór yfir upplýsingagjöf vegna reikninga. Ekki er óskað eftir breytingum á núverandi fyrirkomulagi
- b) IJB nefndi aðeins reglur varðandi skráningar.
- c) IJB upplýsti að Efla vill helst hafa truflanaskýrslur í SQL server gagnagrunni.
- d) Umræða um handbók. Fulltrúar Landsnets bentu á nokkur atriði tengt handbók, meðal annars: Þéttavirki, bilun í stjórnstöð, lokatími skerðingar þegar truflun er lokið, er verið að nota virkan viðgerðatíma, skýra þarf betur í handbók hugtakið virkur viðgerðatími, bæta við í handbók skráningu á truflun ef lína er tekin úr rekstri vegna þess að vont veður er í aðsigi.
- e) Landsnet er hætt að skrá truflanaskýrslur vegna Landsvirkjunar (A skýrslur, þ.e. virkjanir). Landsnet er hætt að skrá viðhaldsskýrslur nema það verða skerðingar.
- f) Almennt um skráningar. RE vill fækka atriðum sem er skráð. BH vill einfalda skráningu. KS nefnir hvort búa ætti vinnuhóp um breytta skráningu.

Fundi slitið.